

# Heimsókn á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Táknmálsteymi Sólborgar 1. mars 2010

Helga Æ., Elsa Regína og Soffía

Gígja og Anney tóku á móti okkur.

**Kennsluaðferðir:** Gígja sagðist vera búin að breyta um kennsluaðferðir í kennslu táknmáls. Hún er að minnka verkefnavinnu og leggja meiri áherslu á **tjáningu og látbragð**. Hún notar mikið bókina *The oxford picture dictionary for kids*. Bók sem tungumálakennarar Mímis nota mikið í kennslu.

## Táknmálkennsla hugmyndir:

- Inn á **nams.is** er hægt að finna *orðasjóð* sem gott er að nota sem gátlista þegar unnið er með táknaförða. Einnig skoða *Dagbókin mín*.
- **Enskubók** – vinna með staðsetningar, útskýra hluti, vinna með hugtök, verkefnabók, próformsagnir og margt fleira.
- **Lönd** – Evrópa, Ísland, heimurinn – vinna með kort og fara í staðsetningar, lönd, borgir o.s.frv. Búa til myndablað með helstu einkennum Ísland og vinna með tákn s.s. Hallgrímskirkja, Tjörninn, Gullfoss, Geysir, Vatnajökull, Þingvellir, Perlan, Esjan, Reykjavík, Laugarvegur, Akureyri o.s.frv.
- **Sign-on.eu** – Slóð sem kemur í gagn við í haust. Þar er enskukennsla fyrir heyrnarlausra. Einnig er hægt að skoða mismunandi tákn á ólíkum táknmálum o.s.frv.
- **SHH heimasíða** – Allt kennsluefni SHH kemur til með að vera í boði á heimsíðu SHH. Það er verið að vinna í þessu núna. Verið er að setja allar barnasögur inn á og fleira táknmálsefni fyrir börn sem SHH hefur búið til. Smá komið nú þegar ☺
- **Lestur** – Góð hugmynd sem Gígja hefur þróað fyrir heyrnarlausra til að skilja muninn á samhljóðum og sérhljóðum. Vinna með handformið t.d. handform p --- hreyfing fram á við ---- breytist í é. En t.d. handformið a breytist ekki í hreyfingu fram á við. Þannig er auðveldara fyrir döf að átta sig á hvað er samhljóði (breytist) og hvað er sérhljóði (breytist ekki). Notar mikið fiðrildi (kennsluaðferð í lestri) til að kenna lestur.

**SHH húsnæði** – Í lokin var kynning á þessu nýja húsnæði og hvaða þjónusta er þar í boði.



Ritari: Soffía